

**PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
I.-HLUTI**

Viðskiptabréfareglur (60%)

Kennari: Sölvi Sölvason

Mánudagur 14. nóvember 2005 16:00 - 20:00

Prófið er 2 blaðsíður með forsíðu

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Svarist eingöngu í próförk sem er merkt prófnúmeri

Prófnúmer_____

*Vinsamlegast gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri,
munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á bordum*

1. spurning, vægi 10%

Lýsið meginmuninum á meginreglunni um framsal almennra krafna og meginreglunni um framsal viðskiptabréfakrafna og hver rökin eru fyrir sérreglum um viðskiptabréf

2. spurning, vægi 25%

Fjallið um skilríkisregluna og regluna um innlausnarrétt skuldara

3. spurning, raunhæft verkefni, vægi 25 %

Jón seldi Sigurði Lexus bifreið sína fyrir 4.200.000 kr. Sigurður greiddi kaupverðið með kr. 3.000.000 í reiðufé og eftirstöðvar með vaxtalaus handhafaskuldabréfi til 12 mánaða. Skyldi greitt af bréfinu með jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti. Jón kom nú bréfinu í innheimtu hjá KB banka í Mosfellsbæ. Sigurður greiddi á gjalddaga tvær fyrstu afborganirnar í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, samkvæmt greiðsluseðlum sem hann fékk senda frá KB banka. Sigurður fékk kvittun í Landsbankanum fyrir greiðslunum.

Þar sem Jón hugðist nú kaupa sér fasteign tók hann skuldabréfið úr innheimtu hjá KB banka og fór með það ásamt fleiri viðskiptabréfum til Verðbréfasjóðsins Pundsins. Nokkur viðskiptabréfanna voru ekki í skilum. Eftir að hafa metið verðmæti viðskiptabréfanna keypti Verðbréfasjóðurinn Pundið viðskiptabréfin með ákveðnum afföllum og framseldi Jón umrædd handhafaskuldabréf með afhendingum þess til Verðbréfasjóðsins.

Jón fékk nú innheimtubréf frá lögmanni Verðbréfasjóðsins Pundsins þar sem krafist var greiðslu á fyrstu tveimur afborgunum skuldabréfsins. Jón skýrir lögmanni sjóðsins frá því að hann sé þegar búinn að greiða umræddar afborganir og leggur fram kvittanir máli sínu til stuðnings.

Við eftirgrensulan kemur í ljós að KB banki varðveitir greiðslukvittanir skuldabréfa í sérstakri skrá meðan skuldabréfið er í vörslu bankans. Þegar bréfið hverfur úr vörslu bankans eru kvittanir færðar á skuldabréfið. Þetta hafði hins vegar gleymst að gera þegar handhafaskuldabréfið var afhent Jóni.

Þrátt fyrir framangreindar upplýsingar krefst Verðbréfasjóðurinn Pundið þess að Sigurður greiði honum hinar umkröfðu afborganir enda hafi verðmæti bréfsins í viðskiptum við Jón verið miðað við að ekkert hefði verið greitt af skuldabréfinu.

Verður Sigurður að greiða aftur umræddar afborganir til Verðbréfasjóðsins Pundsins ?
Rökstyðjið ítarlega möguleika Sigurðar í þessu máli.